

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hafnarbraut 11. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 11 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er breytt í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með 19 íbúðum á 1., 2. og 3. hæð sem og í risi. Atvinnuhúsnæði var fyrir breytinguna 2350 m² en verður 500 m² og bundið við kjallara hússins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarbraut 21 og 23. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 21-23 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er breytt í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með 10 íbúðum á 1., 2. og 3. hæð. Atvinnuhúsnæði var fyrir breytinguna 1900 m² en verður eftir hana 900 m².

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grandahvarf 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 2. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Grandahvarf 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8 (F-2 reitur). Í breytingunni felst m.a. að við Grandahvarf 2, 4 og 6 þar sem gert er ráð fyrir tveimur bilgeymslum í hverju húsi, verði hámarks flatarmál húsanna 860 m² í stað 816 m² og hámarks grunnflötur tæpir 300 m². Jafnframt færast byggingarreitirnir í heild sinni 0,4 m til suðurs, þ.e. fjær götu. Við Grandahvarf 8 er gert ráð fyrir 4 stakstæðum bílskúrum auk möguleika á 2 innbyggðum bílskúrum. Bilastæði við Grandahvarf nr. 8 verði staðsett norðan við húsið í stað þess að vera vestan við það. Almennur göngustígur milli Grandahvarfs nr. 2 og 4 er felldur niður. Stærð lóða og lóðamörk við Grandahvarf 1, 3, 5 og 8 breytast.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. janúar 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.